

Ársskýrsla Maríuhúss 2015

Skjólstæðingar

Maríuhús hefur leyfi fyrir 20 skjólstæðinga. Á árinu 2015 voru 40 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 18 karlar og 22 konur.

Af þeim bjuggu 28 með maka eða barni en 12 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 81,2 ár (66 til 92 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 17 mánuðir en sá sem var styst var 4,7 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í 28 mánuði.

Um áramót 2015/2016 voru 25 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 3 til 5 daga í viku.

Tíu skjólstæðingar fá aðstoð við böðun vikulega og þrettán skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Einn herra fær daglega aðstoð við rakstur og ein kona fær vikulegan hárvott. Sjö skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku hjá okkur.

Heimþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 15 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Ellefu skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og fimm útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu varð breyting í starfsmannahópnum. Þrír starfsmenn hættu störfum, iðjubjálfi, sjúkraliði og félagliði. Í þeirra stað voru ráðnir iðjubjálfi og almennur starfsmaður. Annar almennur starfsmaður byrjaði nú á nýju ári.

Sú breyting var gerð að ráða sérstaklega manneskju til að sinna almennum heimilisstörfum, eldhúsverkum og léttum þrifum. Áður höfðu starfsmenn hússins skipst á að taka þau verk að sér. Þetta hefur gefið góða raun.

Það voru mikil veikindi á haustdögum en tveir starfsmenn voru í löngu veikindaleyfi. Það kom sér illa því að við höfum gert ráð fyrir að vera einni færri í nóvember vegna starfsmannaskipta. Það var því álag á hópinn.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,55 stöðugildum en í lok árs voru 6 starfsmenn í 5,55 stöðugildum en stefndi í að það hækkaði aftur í 6,55 stöðugildi á nýja árinu.

Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskabjálfi, iðjubjálfi, sjúkraliði með sérnám í öldrun, sjúkraliði og almennur starfsmaður.

Í apríl var húsinu lokað í einn dag og sex starfsmenn fóru í námsferð til Finnlands ásamt starfsfólki Fríðuhúss og Drafnarhúss. Einn starfsmaður átti ekki heimangengt. Höfðum við bæði gagn og gaman af ferðinni.

Í haust hóf forstöðumaður meistaranám í hjúkrun og fékk leyfi stjórnar til að vera allt að 20% í námsleyfi. Á haustönn reyndist það 9,6% námsleyfi.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu en allir hópurinn fór til dæmis á skyndihjálparnámsskeið og málþing heilabilunareiningar LSH þar sem fjallað var um virkni. Við áttum svo áhugaverða heimsókn í hjúkrunarheimilið Ás í Hveragerði. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar en höfðum þess í stað heilan dag í september.

Við fengum líka starfsfólk annarra staða í heimsókn til okkar, að fá kynningu á okkar starfi. Það komu hópar frá Eir, Dalbraut og dagþjálfuninni í Grindavík. Einnig fengum við hjúkrunarnema í heimsókn.

Ytri þjónusta

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hafa 38 skjólstæðingar nýtt sér aksturþjónustu. Seltjarnarnesbær sér um akstur fyrir sitt fólk en á árinu voru tveir skjólstæðingar af Seltjarnarnesi.

Jón G. Snædal, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt.

Það kemur fótaaðgerðarfræðingur og snyrtifræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska.

Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skutl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Tveir skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Hreint sér um þrif í Maríuhúsi og koma þau tvisvar í viku. Það er mjög misjafnt hvernig þau standa sig í þrifunum, það koma góð tímabil en við þurfum reglulega að minna á það sem betur má fara.

Aðstaða

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu. Það hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni í þrjú ár núna en það bíður enn þess að borgin hafi fjármagn í það. Talsverður raki var í bílskúr (bæði uppi og niðri). Í haust var farið í heilmiklar framkvæmdir til að bæta úr því. Bæði var bílskúrin tekinn í gegn og byrgt var yfir brunn og sett loftræsting í geymslu niðri sem hefur verið lokuð vegna raka/sveppa frá árinu 2012. Við höfum ekki nýtt þá geymslu en stjórnkerfið fyrir bræðslukerfi í innkeyrslu er þar inni og aðalrýmið á neðri hæðinni er við innganginn í geymsluna.

Til stendur að setja loftræstingu á baðherbergið til að minnka raka sem myndast þar.

Við þykjumst strax sjá góðan árangur af þessum aðgerðum.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Við höfum alltaf drauma um að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll eða fá hæsnakofa. Við hlökkum til að heyra af reynslu Fríðuhúss af hæsnakofa. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að einhver rati ekki til baka til okkar.

Við nýtum svæðið ekki mikið eins og það er, helst til að spila Kubb eða slík spil.

Starfið

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, klippiverkefnum og fleira. En einnig ýmsri hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Skjólstæðingar okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig fá þeir hlutverk og þjálfun sem nýtist þeim heima.

Proskapjálfi hússins fór á námskeið í Sparkle of life hugmyndafræðinni sem að Jane Verity stendur á bak við. Í kjölfarið var stofnaður Sólskinsklúbbur í anda þess hjá okkur. Tveir starfsmenn sjá um vikulegan klúbb sem í er hópur af þeim skjólstæðingum sem er hvað lengst gengnir í sínum heilabilunarsjúkdómi. Við höfum séð fólk blómstra eftir að hafa byrjað í Sólskinsklúbbum. Það er áætlun okkar að fleira starfsfólk úr húsinu sæki námsskeið þegar að það verður næst haldið á höfuðborgarsvæðinu því að við sjáum hvaða gagn þetta gerir og gott væri að hafa fleiri klúbba í gangi.

Í haust fengu fjórir skjólstæðingar tækifæri til að taka þátt í verkefni sem kallast Listir og menning sem meðferð. Þeir fóru, ásamt aðstandendum og einum starfsmanni í heimsókn á Listasafn Íslands. Þar tóku á móti þeim starfsmaður safnins og Halldóra Arnardóttir, listfræðingur og áttu þau markvissa heimsókn þar. Mikil ánægja var með daginn og vonir standa til að það verði framhald á þessu starfi sem að Halldóra stendur fyrir.

Við höfum fengið fjölda gesta í húsið á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk og dansarar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í langflestum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við höfum einnig farið mikið úr húsi. Við fórum í rútuferð upp í Hvalfjörð í vor og sumarferðin okkar var farin um Reykjanes í lok ágúst. Við höfum einnig farið á tónleika, í bíó, á söfn, í húsdýragarðinn og áfram mætti telja.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum að taka þátt í ýmsu með okkur, bjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorrablót og einnig í sumarferðina í ágúst. Það er gaman að segja frá því að þátttaka maka er alltaf góð.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 10 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, sex þeirra fóru tvisvar eða oftar. Dvöl þeirra var á bilinu 1 til 5 vikur, að meðaltali 2,8 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 18. febrúar 2016

Ólína Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	40	45	42	46
Innskiftir	16	20	17	22
Útskriftir	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	17mán*	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	5,7 mán	4,1mán	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	81,2	78,4	77,5	79,3
Konur	22	20	19	25
Karlar	18	25	23	21
Búa einir	12	16	18	17
Fá heimaþjónustu	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	10 (18 innlagnir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	11 (8 skjólst)	11 (9 skjólst.)	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	1	2	0	4

***2015** Fimm skjólstæðingar voru minna en 3 mánuði.

Af þessum 5 sem fóru 2 í biðpláss á LSH, 1 neitaði að koma, 1 fékk hjúkrunarrými og 1 lést.